

# NÁM OG KENNSLA

## Heildarskipulag námsgreina

Í þessum kafla eru allar námsgreinar kynntar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Meira er að finna um þær í bekkjarnámskrá hvers árgangs í skólanámskrá Lundarskóla og á heimasíðu skólans.

### Íslenska

#### Lestur

##### Kennsluaðferðir

Í yngstu bekkjunum er Byrjendalæsi notað við byrjendakennslu í lestri. Byrjendalæsi byggir á samvirkum lestrarkennsluaðferðum, má þar nefna Gudschinsky, Läsning på talets grund-LTG, Early Reading Resarch- ERR og Heildarlestrur Jörgen Frost. Í Byrjendalæsi er móðurmálskennslan heildstæð og vefur saman í eina heild lestur, ritun, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem kennari les fyrir nemendur og orðaforði nemenda styrktur með umræðum um hann. Fundið er lykilorð úr textanum og er það notað sem tæki til skoðunar á orðmyndun og til rannsóknar á lettri, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift o.fl. Orðaforði úr textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það eru svo nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lesturs. Ritunin kemur svo inn þegar nýr texti er unninn sem byggir á orðaforða þess texta sem upphaflega var unnið með. Mikilvægt er að vinna með lestrarkennsluna í lotum. Þátttöku nemenda má skipta í fjögur stig þ.e. sýnikennslu, þátttöku nemenda, virkni þeirra með stuðningi og sjálfstæð vinnubrögð. Kennsluaðferðin Orð af orði fellur vel að Byrjendalæsi og er notuð í framhaldi af því.

Til að gera kennsluna skilvirka og fjölbreytta er nauðsynlegt að nota margvíslegar kennsluaðferðir. Með því aukast líkurnar á því að kennarinn mæti þörfum allra. Lesskilningsaðferðirnar SSLSR, gagnvirkur lestur og hugtakakort eru kynntar nemendum á yngsta stigi.

Á miðstigi er áfram unnið með SSLSR, gagnvirkur lestur og hugtakakort. Auk þess bætast við hraðlestrarnámskeið (byggt á hugmyndum Guðna Kolbeinssonar og Fjöltnis Ásbjörnssonar) í öllum árgöngum svo og samvinnunám. Áhersla er lögð á leiðsögn í framsögn og tjáningu og þannig byggt ofan á þann grunn sem lagður var á yngsta stigi.

Samkvæmt námsskrá er lögð áhersla á að nemendur geti lesið sér til skilnings og gagns og verði læsir á mismunandi texta. Ólíkar lestraraðferðir hjálpa nemendum við að tileinka sér innihald texta.

Á unglíngastigi er unnið með sömu kennsluaðferðir og á miðstigi en textarnir eru flóknari og áherslan er á gagnrýna hugsun, þ.e. að geta metið innihald texta og tilgang með honum (fræðslu-, skemmtunar-, áróðurstexti).

Fólk í nútíma samfélagi hefur aðgang að upplýsingum úr öllum áttum og af ýmsu tagi. Því er nauðsynlegt að geta metið gildi upplýsinga.

##### Kennsluskipulag

Á yngsta stigi tekur kennsluskipulagið mið af þeirri kennsluaðferð sem notuð er. Áhersla er lögð á þemavinnu, hópavinnu, vettvangsferðir og nám gegnum leik. Einnig er unnið einstaklingslega þar sem það á við. Ákveðið grunnefni er notað en hver nemandi fer gegnum það á eigin forsendum og hraða.

Í aðalnámskrá er áhersla lögð á að allir fái nám við hæfi og er skipulagið miðað við það.

Á miðstigi eru valdir textar sem unnið er með, bæði heima og í skólanum. Nemendur skrifa endursagnir, leika leikrit, svara spurningum úr texta, myndskreyta texta og fleira. Nemendur vinna einir og í hópum. Farið er í vettvangsferðir í tengslum við höfundakynningar.

Á unglingastigi er unnið með þyngri og viðameiri texta en á miðstiginu. Nemendur lesa heima og vinna verkefni tengd textanum í skólanum, einir og/eða í hópum.

Notkun skólasafns er mikilvægur þáttur á öllum stigum.

### **Námsgögn**

Námsgögn eru fjölbreytt s.s. léttlestrarbækur, lestrarbækur, ýmsir textar og vinnubækur, kennsluforrit, stafaspjöld, textaspjöld, dagblöð, tímarit, margmiðlunardiskar, myndbönd og námsspil. Öll þessi námsgögn eiga það sammerkt að þjálfa lestur og henta vel í ofangreindum kennsluáðferðum.

### **Námsaðlögun**

Samkvæmt aðalnámskrá skal hver nemandi fá kennslu við hæfi. Unnið er eftir kennsluáætlun sem kennari setur fram að hausti. Kennarar mæta mismunandi þörfum nemenda, t.d. með einstaklingsnámskrám, aðlöguðu námsefni og breyttum kröfum. Einnig fá kennarar aðstoð frá sérkennurum og stuðningsfulltrúum.

### **Athafnir nemenda**

Unnið er samkvæmt aðalnámskrá og þeim þrepamarkmiðum sem þar eru sett. Nemendur lesa, rita, hlusta og segja frá, leika, lesa upp, ræða saman, vinna á tölvur, vinna með heimildir og koma frá sér upplýsingum á skipulegan hátt, spyrja spurninga, leita svara, teikna, mála og lita.

### **Lestrarviðmið (lágmark) í Lundarskóla í raddlestri.**

Prófað er í 2 mínútur, villur dregnar frá atkvæðafjölda og deilt með 2 til að fá atkvæðafjölda á mínútu.

<b>1. bekkur</b>	<b>50 atkv. á mínútu</b>
<b>2. bekkur</b>	<b>90 atkv. á mínútu</b>
<b>3. bekkur</b>	<b>150 atkv. á mínútu</b>
<b>4. bekkur</b>	<b>190 atkv. á mínútu</b>
<b>5. bekkur</b>	<b>230 atkv. á mínútu</b>
<b>6. bekkur</b>	<b>260 atkv. á mínútu</b>
<b>7. bekkur</b>	<b>290 atkv. á mínútu</b>
<b>8.-10. bekkur</b>	<b>300-350 atkv. á mínútu</b>

## Talað mál og framsögn

### Kennsluaðferðir

Helstu kennsluaðferðir á yngsta stigi felast í hópavinnu þar sem unnið er með bekkinn í framsögn, skýrum framburði máhljóða svo og hlustun. Vísur eru kenndar og framsögn þjálfuð með upplestri svo sem á sögum úr sögubókum eða öðrum texta sem nemendur lesa fyrir hópinn eða hvern annan.

Á miðstigi eru meiri kröfur um skýran framburð og skipulega framsögn. Einnig er lögð áhersla á að nemendur öðlist reynslu í að segja frá og að koma skoðunum sínum á framfæri á skilmerkilegan hátt.

Á unglíngastigi eru gerðar enn meiri kröfur um einkenni talmálsins, fræðsla er um málýskur ásamt frekari þjálfun í leikrænni tjáningu og rökræðum.

### Kennsluskipulag

Á yngsta stigi er lögð áhersla á þjálfun nemenda í að tala skýrt og áheyrilega og að geta sagt frá viðburðum í daglegu lífi af öryggi. Einnig að nemendur hlusti á aðra án þess að grípa fram í.

Á miðstigi er frekari áhersla lögð á skýra og skipulega framsögn þar sem nemandinn getur haldið óskiptri athygli hlustenda. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti rökstutt skoðanir sínar og gert munnlega grein fyrir niðurstöðum á verkefnum á skýran hátt. Á miðstigi fer fram þjálfun fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem er árviss viðburður hjá 7. bekk og allir nemendur árgangsins taka þátt í.

Á unglíngastigi er lögð áhersla á að nemendur öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu með margvíslegum verkefnum við hæfi. Einnig er byggt ofan á þann framsagnargrunn sem kominn er og gerðar meiri kröfur um skýran framburð og tjáningu. Nemendur fá einnig þjálfun í að taka þátt í umræðuhópum, komast að niðurstöðu og geta rökstutt hana.

### Námsgögn

Á yngsta stigi eru námsgögn sem þjálfa markvissa málörvun og hlustun nauðsynleg ásamt skrifuðum texta sem börnin vinna sjálf. Á miðstigi og unglíngastigi er stuðst við ýmsa bókmenntatexta, námsefni í íslensku og texta sem nemendur hafa sjálfir samið.

### Námsaðlögun

Reynt er að virkja alla nemendur til að taka þátt í þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Þeim nemendum sem einhverra hluta vegna reynist erfitt að standa frammi fyrir hópi eða eiga í erfiðleikum t.d. við að lesa texta er veittur stuðningur og unnið að því að fá nemandann til að taka þátt. Oft gengur vel að fá foreldra með í það samstarf, þar sem foreldrar geta hjálpað barninu við að æfa texta heima.

### Athafnir nemenda

Mikilvægt er að áherslur á einstaka þætti séu misjafnar eftir aldri og þroska nemenda og eðlilegur stígandi sé í náminu. Markmið þess að vinna með talað mál og hlustun innan íslenskunnar er m.a. að nemendur öðlist aukið sjálfstraust í að tjá sig á skýran og eðlilegan hátt og er það hlutverk okkar kennara að sjá til þess að nemendur öðlist þessa þjálfun á sem fjölbreyttastan hátt.

## Hlustun og áhorf

### Kennsluaðferðir

Nemendur hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og frásögnum bæði kennara og bekkjarfélaga sinna. Til að efla þetta enn frekar er lesið talsvert fyrir nemendur, sérstaklega á yngsta og miðstigi. Notaðar eru lestraraðferðir eins og gagnvirkur lestur og SSLSR þar sem nemendur þurfa t.d. að hlusta á samantekt hjá öðrum nemendum. Nemendur horfa á myndbönd, leikrit og kynningar hver hjá öðrum. Nemendur eru hvattir til að spyrja opinna spurninga til að dýpka skilning sinn á því sem þeir hafa heyrt og séð. Ætlast er til að nemendur geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara.

### Kennsluskipulag

Á yngri aldurstigunum lesa nemendur oft saman í byrjun skóladags, eða kennari les fyrir þá. Jafnframt lesa kennarar framhaldssögur fyrir nemendur í nestistímum. Margar bekkjardeildir byrja morguninn á því að spjalla og fá þá allir tækifæri til að tjá sig og hlusta á frásagnir hvers annars. Þá sitja nemendur og kennari yfirleitt saman í hring í einu horni stofunnar.

Á mið- og unglingsstigi er ræðumennska og framsögn þjálfuð og er þá ætlast til að nemendur hlusti á bekkjarfélaga sína og í sumum tilfellum að þeir gagnrýni það sem þeir hafa heyrt.

### Námsgögn

Sýningar af ýmsu tagi eða tónleikar eru gott tilefni til að örva hlustun og skapa umræður til þess að nemendur átti sig betur á því sem þeir heyrðu eða sáu. Myndbönd í ýmsum námsgreinum. Náms efni sem ætlað er til að örva hlustun. Skáldsögur, hljóðsnældur og ljóð.

### Námsaðlögun

Oft er bekkjunum skipt í minni hópa til að auðvelda hlustun og umræður. Ef nemendur eiga erfitt með að hlusta er reynt að vinna með þá sérstaklega.

### Athafnir nemenda

Hlustun er stór þáttur í mannlegum samskiptum og hvers konar félagsstarfi. Þess vegna er brýnt að nemendur kunni að hlusta. Mikilvægt er að áherslur á einstaka þætti séu misjafnar eftir aldri og þroska nemenda og eðlilegur stígangi sé í náminu. Nemendur þurfa að hlusta eða horfa og sýna kurteisi og umburðarlyndi gagnvart þeim sem eru að tala.

Markmið þess að vinna með hlustun og áhorf innan íslenskunnar er m.a. að nemendur læri að hlusta eða horfa og öðlist aukið sjálfstraust í að gagnrýna það sem þeir heyra eða sjá. Nauðsynlegt er að nemendur geti numið þær upplýsingar sem miðlað er og metið þær með gagnrýni í huga.

## Ritun

Undir ritun flokkast skrift, réttiritun, sögugerð og tjáning ýmiss konar í rituðu máli.

### Kennsluaðferðir

Á yngri stigum er nemendum kennt að draga til stafs en þar er ítalska skriftin ríkjandi. Margar aðferðir eru notaðar til að kenna ritun, þær helstu eru aðferðir eins og skapandi og frjáls skrif við sögugerð, kennsla í réttiritun og ritgerðasmíð. Einnig er kennd glósugerð og að endursegja skriflega. Samvinnunám er ein af þeim aðferðum sem reynast vel við kennslu í ritun.

## **Kennsluskipulag**

Við ritunarkennslu vinna nemendur ýmist í pörum eða einstaklingslega.

## **Námsgögn**

Ýmis kennsluforrit, eyðufyllingarverkefni og námsspil auk hefðbundinna kennslubóka og stúlabóka. Við ritgerðasmíði notast nemendur oftast við heimildir eða kjörbækur.

## **Námsaðlögun**

Hver og einn nemandi vinnur að eigin verkefnum eftir getu. Þeir sem eiga erfitt með að skrifa geta tjáð sig með myndum, í töluðu máli eða notað tölvu.

## **Athafnir nemenda**

Nemendur skrifa ítalska skrift, skrifa frumsamið efni og endursegja efni, ýmist á tölvu eða í bók. Þeir þurfa að temja sér vandvirkni og góðan frágang í hvaða námsgrein sem þeir vinna.

## **Málfræði**

### **Kennsluaðferðir**

Á yngsta stigi er byrjað að kenna vinnuaðferðir sem notaðar eru svo lengi sem þær hæfa aldri og getu nemendanna. Helstu aðferðir eru frjáls ritun til þess að tengja barnið nánasta umhverfi sínu, samvinnunám til að efla félagsþroska og einstaklingsvinna til þess að efla sjálfstæði.

Á miðstigi bætist við að unnið er í vinnubókum þar sem lærð atriði eru æfð. Beitt er leitaraðferðum og fjölbreyttum vinnubrögðum til að efla enn frekar sjálfstæði nemandans. Æfingar í orðaleikjum, krossgátum og spuna auka orðaforða nemenda og efla málvitund þeirra.

Á unglingsstigi bætist útlistunarkennsla við þær kennsluaðferðir sem áður eru nefndar.

### **Kennsluskipulag**

Í 1. – 8. bekk á hver árgangur sínar heimastofur en í 9. og 10. bekk eru faggreinastofur. Viðfangsefni ráða uppröðun í kennslustofum á öllum aldursstigum. Tölvur auðvelda kennslu þeirra nemenda sem fylgja ekki námsefni bekkjarins eða eru á undan.

### **Námsgögn**

Stuðst er við æfingabækur í málfræði sem hæfa hverju stigi, kennsluforrit, myndbönd og spil.

### **Námsaðlögun**

Þörfum nemenda með sérþarfir er m.a. mætt með einstaklingsnámskrá. Nám þeirra sem ekki fylgja bekk, hvort sem er á undan eða á eftir, er aðlagð getu þeirra.

Við gerð stundaskrár er reynt að skapa möguleika á að skipta hverjum árgangi í hópa eftir áhuga og getu.

### **Athafnir nemenda**

Nemendur skrifa, leita sér upplýsinga, vinna ýmist sjálfstætt eða í hópum. Þeir lesa sér til og nota þá þekkingu við lausn verkefna. Með tölvum geta nemendur unnið að gagnvirkum verkefnum.

## **Stærðfræði**

### **Kennsluaðferðir**

Helstu kennsluaðferðir sem notaðar eru á yngsta stigi eru ýmsar rannsóknir, verklegar æfingar, þemanám, samvinnunám, þrautalausnir, hlutbundin vinna og umræður. Þessar aðferðir efla sjálfstæð vinnubrögð, auka skilning og tengsl við umhverfið.

Á mið- og unglíngastigi bætast við aðferðir eins og leitaraðferðir og rannsóknarvinna. Með þessum aðferðum þjálfast nemendur í að afla upplýsinga, vinna úr þeim og draga af þeim ályktanir. Ennfremur þjálfast nemendur í að beita þekkingu sinni til úrlausnar á dæmum. Þeir læra sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

### **Kennsluskipulag**

Í 1. – 8. bekk er mikið um stöðvavinnu þar sem hverjum árgangi er skipt í hópa. Á þann hátt er betur hægt að mæta þörfum hvers og eins.

Á unglíngastigi er að mestu leyti um einstaklingsnám að ræða til að nemendur þjálfist í að treysta á sjálfa sig.

### **Námsgögn**

Á yngsta stigi fylgja kennsluforrit með námsefninu sem eru til frekari þjálfunar. Námsþpil, töfl, ýmis hjálpargögn og leikir fylgja einnig þessu efni og eru þau notuð til að dýpka skilning og auka fjölbreytni. Vasareiknar eru notaðir á öllum aldurstigum.

Á mið- og unglíngastigi eru kennsluforrit og ýmis hjálpargögn notuð til frekari þjálfunar.

### **Námsaðlögun**

Á öllum stigum er reynt að mæta hverjum nemanda í samræmi við getu og þroska. Í fáeinum tilvikum eru gerðar einstaklingsnámskrár og stundum er slakað á kröfum og/eða sérverkefni í boði. Allir nemendur sem vilja fá meira efni geta fengið það.

Við gerð stundaskrár á unglíngastigi er reynt að skapa möguleika á að skipta hverjum árgangi í hópa eftir áhuga og getu.

### **Athafnir nemenda:**

Á yngsta stigi er hlutbundin vinna stór þáttur. Nemendur ræða um viðfangsefnin, skrá hjá sér niðurstöður rannsókna og vinna á tölvu.

Á mið- og unglíngastigi er aukin bókleg vinna, nemendur reikna dæmi og skrá niðurstöður.

## **Danska**

### **Kennsluaðferðir**

Í 7. bekk eru útlistunarkennsla, leikir, söngur og umræðu - og spurnaraðferð ríkjandi aðferðir. Þar að auki er einstaklingsnám, paravinna, hópavinna, leikræn tjáning og sjálfstæð skapandi viðfangsefni. Námið byggir mikið á endurtekningum bæði munnlegum og skriflegum. Á þennan hátt telur skólinn að markmiðum aðalnámskrár verði best náð á þessu stigi.

Á unglíngastigi er meiri áhersla lögð á einstaklingsnám en gert er á miðstigi. Lestraraðferðir s.s. SLSR, gagnvirkur lestur, hugtakakort og leitaraðferð hafa líka meira vægi svo og skapandi ritun og munnleg tjáning. Er það í beinu samhengi við aukinn þunga í markmiðum aðalnámskrár og meiri færni nemenda þegar lengra er komið í náminu. Leikir, söngur og leikræn tjáning eru víkjandi á þessu stigi.

### **Kennsluskipulag**

Kennsluskipulagið tekur mið af þeim kennsluaðferðum sem beitt er og aðstæðum hverju sinni. Uppröðun í kennslustofur er breytileg.

Yfirleitt er byrjað á innlögnum af einhverju tagi og síðan vinna nemendur með efnið á ýmsan hátt, einstaklingslega, í pörum eða hópum.

Stefnt er að því að nota gagnvirk efni í tölvum.

## **Námsgögn**

Myndir, námsspil, myndbönd, heimildir (munnlegar, úr bókum, af veraldarvefnum), þrautir, ýmsir textar og tölvur þegar því verður við komið.

## **Námsaðlögun**

Til að koma til móts við mismunandi getu og þroska er nemendum, sem eru fljótari að tileinka sér námsefnið en meginhópurinn, útvegað viðbótarnámsefni af ýmsu tagi og gerðar eru meiri kröfur til þeirra í sambandi við skil á verkefnum. Nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér námsefni meginhópsins fá í sumum tilfellum léttara námsefni, auk þess sem reynt er að veita þeim sérstaka aðstoð. Fyrstu árin er mjög mikið um endurtekningu til að auðvelda öllum að ná góðum tókum á undirstöðuatriðum og orðaforða.

Við gerð stundaskrár á unglingsstigi er reynt að skapa möguleika á að skipta hverjum árgangi í hópa eftir áhuga og getu og aldursblanda.

## **Athafnir nemenda**

Nemendur hlusta, lesa, tala, rita, leita heimilda og upplýsinga, syngja, leika, leysa þrautir, segja frá og ræða málin.

## **Enska**

### **Kennsluaðferðir**

Í 5. og 6. bekk eru ríkjandi aðferðir útlisunarkennsla, leikir, söngur, umræðu - og spurnaraðferð ríkjandi. Þar að auki er einstaklingsnám, paravinna og innlifun og tjáning. Mikið er byggt á endurtekningum bæði munnlegum og skriflegum. Á þann hátt telur skólinn að markmiðum aðalnámskrár verði best náð á þessu stigi.

Undir lok 6. bekkjar og í 7. bekk bætast við sjálfstæð skapandi viðfangsefni, hópavinna, SLSR, gagnvirkur lestur, hugtakakort, leitaráferð og frásagnir.

Á unglingsstigi er meiri áhersla lögð á einstaklingsnám en á miðstigi. Mismunandi lestraraðferðir hafa líka meira vægi svo og skapandi ritun og munnleg tjáning. Er það í beinu samhengi við aukinn þunga í markmiðum aðalnámskrár og meiri færni nemenda þegar lengra er komið í náminu. Leikir og söngur eru víkjandi á þessu stigi.

### **Kennsluskipulag**

Kennsluskipulagið tekur mið af þeim kennsluaðferðum sem beitt er og aðstæðum hverju sinni. Uppröðun í kennslustofur er breytileg.

Kennslustundir hefjast yfirleitt á innlögnum af einhverju tagi og síðan vinna nemendur með efnið á ýmsan hátt, einstaklingslega, í pörum eða hópum.

Á unglingsstigi er gagnvirkt efni í tölvum notað.

## **Námsgögn**

Myndir, námsspil, myndbönd, heimildir (munnlegar, úr bókum, af veraldarvefnum), þrautir, ýmsir textar og tölvur þegar því er við komið.

## **Námsaðlögun**

Til að koma til móts við mismunandi getu og þroska hvers og eins er nemendum, sem eru fljótari að tileinka sér námsefnið en meginhópurinn, útvegað viðbótarnámsefni af ýmsu tagi og gerðar eru meiri kröfur til þeirra í sambandi við skil á verkefnum. Nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér námsefni meginhópsins fá í sumum tilfellum léttara námsefni, auk þess sem reynt er að veita þeim sérstaka aðstoð. Fyrstu árin er mjög mikið um endurtekningu til að auðvelda öllum að ná góðum tókum á undirstöðuatriðum og orðaforða.

## **Athafnir nemenda**

Nemendur hlusta, lesa, tala, rita, leita heimilda og upplýsinga, syngja, leika, leysa þrautir, segja frá og ræða málin.

## Heimilisfræði

### Kennsluaðferðir

Á öllum stigum er einstaklings-, para- og hópavinna. Einstaklingsvinna er í bóklegu námi þar sem verkefni í vinnubókum eru leyst. Para- og hópavinna hentar vel í verklegu námi, þjálfar samvinnu og félagsþroska, auk þess sem húsnæðið og fjöldi nemenda í kennslustundum býður ekki upp á mikla einstaklingsvinna í verklegu námi. Á unglingastigi bætist við notkun kennsluforrita, meðal annars til að auka þekkingu nemenda á næringarefnum og samsetningu fæðunnar.

### Kennsluskipulag

Á öllum stigum er verkleg þjálfun í kennslueldhúsi, lausn verkefna í vinnubókum, og myndbönd ýmiss konar. Á miðstigi bætast við vettvangsferðir t.d. á Minjasafn og 6. bekkur fer um borð í Húna þar sem er veitt og fiskurinn grillaður og snæddur. Á unglingastigi eru farnar vettvangsferðir í verslanir. Þær eru m.a. notaðar til að kynna fyrir nemendum umbúðamerkingar, vöruverð, auglýsingar og uppröðun vörunnar.

### Námsgögn

Áhöld í eldhúsi, matvara, myndbönd, verkefnabækur, kennsluforrit og sérútbúna myndrænar uppskriftir.

### Námsaðlögun

Komið er til móts við þarfir nemenda eins og hægt er og fá þeir sérútbúin kennslugögn og stuðning ef þess er talin þörf.

### Athafnir nemenda

Allir nemendur leysa bókleg verkefni og gera verklegar æfingar í eldhúsi samkvæmt fyrirmælum kennara. Að auki fara eldri nemendur í vettvangsferðir til að afla sér upplýsinga sem þeir svo vinna úr.

## Íþróttir - líkams- og heilsurækt

### Skólaíþróttir

#### Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem mest eru notaðar á yngsta stigi eru sýnikennsla, verklegar æfingar, hópinnlögn, hópa- og paravinna, leikræn tjáning og sjálfstæð skapandi viðfangsefni (spuni).

Á miðstigi eru nemendur orðnir sjálfstæðari og gerðar eru meiri kröfur til þeirra, t.d. í sambandi við reglur í leikjum. Notaðar eru sömu kennsluaðferðir og á yngsta stigi.

Á unglingastigi eru notaðar sömu aðferðir og enn meiri kröfur gerðar til sjálfstæðra vinnubragða og að nemendur finni sér verkefni við hæfi.

Með þessum kennsluaðferðum verða nemendur virkir í tímum, vinna sjálfstætt, taka tillit til annarra og ná betri tókum á viðfangsefninu.



## **Kennsluskipulag**

Fyrirkomulagið ræðst m.a. af viðfangsefnum, svæðum og vali. Kröfum, sem gerðar eru til nemenda, er mætt með hópaskiptingum og fjölbreyttum viðfangsefnum, m.a. með boltaleikjum, leikjum og þrauta- og áhaldabrautum.

Á mið- og unglíngastigi er einnig leitast við að kynna hinar ýmsu íþróttagreinar fyrir nemendum. Með því er reynt að vekja áhuga þeirra á íþróttum og heilsurækt svo þeir geti valið sér íþrótt við hæfi.

## **Námsgögn**

Þau námsgögn sem mest er notast við á yngsta stigi eru ýmis smááhöld s.s. sippubönd, húllahringir, boltar og ýmis fimleikaáhöld. Þessi áhöld henta mjög vel til kennslu á þessu stigi þar sem þau efla fín- og grófhreyfingar nemenda. Þau stuðla þannig að auknum andlegum og líkamlegum þroska þeirra.

Á mið- og unglíngastigi eru smááhöld minna notuð en áður. Meira er um áhöld tengd íþróttgreininum, svo sem bolta, mörk, net o.fl. Við kennslu á þessum stigum er aukin áhersla á hverja íþróttgrein fyrir sig.

## **Námsaðlögun**

Á öllum stigum er leitast við að koma til móts við þarfir hvers og eins og skapa verkefni við hæfi, s.s. með því að einfalda verkefni og reglur í leikjum henti það betur.

Geta nemenda og áhugasvið eru mismunandi og því þarf breytilegar útfærslur á æfingum, leikjum og reglum.

## **Athafnir nemenda**

Þær athafnir sem nemendur fást við á öllum stigum eru að hlaupa, hoppa, kasta, slá, rúlla, velta, hanga, sparka, skríða, dansa o.fl.

Þessar athafnir þjálfar og þroska nemendur (skyn-, hreyfi-, líkams-, fagur-, félags-, tilfinninga-, siðgæðis- og vitsmunapróska).

## **Sund**

### **Kennsluaðferðir**

Við innlögn eru sýnikennsla og hópinnlögn ríkjandi. Þær kennsluaðferðir sem mest eru notaðar á yngsta stigi eru verklegar æfingar, hópa- og paravinna. Með þessum aðferðum er þess vænst að nemendur nái góðum tókum á viðfangsefninu og verði virkir í tímum. Nemendur læra að taka tillit til annarra og að vinna sjálfstætt.

Á mið- og unglíngastigi er hópinnlögn ríkjandi aðferð en einnig er sýnikennsla þegar þörf er á. Gengið er út frá því að nemendur hafi náð nokkuð góðum tókum á sundaðferðunum og tíminn fari að mestu leyti í að synda. Nemendur fá einstaklingskennslu ef með þarf.

### **Kennsluskipulag**

Á yngsta stigi vinna nemendur mest í röðum á ákveðnum svæðum. Það skipulag hentar best með tilliti til aðstæðna og fjölda nemenda. Á mið- og unglíngastigi vinna nemendur mest í hópum á afmörkuðum brautum og synda í hringi á brautinni. Þetta hentar best þar sem margir nemendur vinna á litlu svæði.

### **Námsgögn**

Á yngsta stigi eru helstu námsgögnin sundflár, sundkútar, blöðkur og smááhöld eins og köfunarhringir, boltar og dýnur.

Á mið- og unglíngastigi eru helst notaðar blöðkur og sundflár.

Þessi áhöld henta vel til þess að auka færni nemenda við hinar ýmsu rennslis-, köfunar- og sundæfingar.

## Námsaðlögun

Komið er til móts við þarfir hvers og eins með verkefnum við hæfi. Nemendum sem eru verulega á eftir er boðið upp á tíma í sérkennsluhópi einu sinni í viku.

## Athafnir nemenda

Nemendur á öllum stigum kafa, spyrna sér, renna, hoppa, stinga sér og synda bringu-, skólabak-, skrið-, bak-, kaf-, flug- og björgunarsund.

## Listgreinar

Í fjórum listgreinum og heimilisfræði er hverjum árgangi frá 5. – 7. bekk skipt upp í hópa sem koma í sömu grein í sex vikur. Sjöunda vikan er þannig skipulögð að nemendur velja sér inn á mismunandi listgreinar. Eftir sjöundu viku skipta nemendur um grein. Í öðrum árgöngum er mismunandi hvernig skiptingin er. Unglingastig hefur annan háttinn á því listgreinar falla undir valgreinar.

## Myndlist

### Kennsluaðferðir

Á yngsta stigi fer fram kynning á inntakspáttum myndlistarinnar.

Notaðar eru eftirtaldar kennsluaðferðir: Vettvangsferðir, hópavinna, einstaklingsvinna, þemavinna, tjáning og útlistunarkennsla. Mikilvægt er að viðfangsefnin tengist nánasta umhverfi og hugarheimi nemenda.

Kennsluaðferðunum er ætlað að styrkja fjölbreytt vinnubrögð við margháttaða myndfrásögn, skapa jákvæða umfjöllun um eigin verk og annarra og leiðbeina nemendum um aðferðir, efnisval og notkun áhalda.

Á miðstigi eru þjálfuð þau lögmál og aðferðir sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekking dýpkuð og nýir þættir lagðir inn. Þar eru þessar kennsluaðferðir ríkjandi: Uppgötvunarnám, vinna með sjálfstæð skapandi viðfangsefni, hópavinna, þemavinna, einstaklingsvinna, tjáning og útlistunarkennsla. Á miðstigi skal leitast við að þroska með nemendum hæfileika til að vinna skipulega og sjálfstætt. Aður töldum kennsluaðferðum er ætlað að efla hæfni nemenda til samstarfs. Þær stuðla að því að nemendur geti nýtt sér mismunandi efni, verkfæri og miðla við eigin sköpun. Þær eiga að leiðbeina nemendum um aðferðir, efnisval og notkun áhalda.

Á unglingsstigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli fyrri náms. Myndmennt er valgrein í 9. og 10. bekk.

Á unglingsstigi eru notaðar eftirtaldar kennsluaðferðir: Útlistunarkennsla, verklegar æfingar, einstaklingsvinna, tjáning og hópavinna. Þessar kennsluaðferðir stuðla að margs konar tækni og vinnubrögðum þar sem aðferðir eru þjálfaðar með verklegum æfingum. Þær hvetja til sjálfstæðra vinnubragða, skoðanaskipta og samvinnu.

### Kennsluskipulag

Í öllum árgöngum eru lögð fyrir skylduverkefni til að tryggja það að unnið sé að þeim markmiðum sem aðalnámskrá segir til um. Einnig er unnið að frjálsum og skapandi verkefnum innan ákveðins ramma. Nemendur hafa aðgang að efnum og áhöldum en leggja til pappír og liti að hluta.

### Námsgögn

Stuðst er við ýmis fræðirit s.s. handbækur, listaverkabækur og náttúrulífsbækur, skyggjur og myndbönd, verkefni á netinu og listsýningar. Einnig eru notuð fjölbreytt námsgögn sem kennarar hafa komið sér upp í gegnum tíðina.

## Námsaðlögun

Oft er þörf á að laga námsefnið að þörfum einstaklinga. Þörfum nemenda með sérþarfir er mætt með því að einfalda námsmarkmiðin fyrir þá sem minna geta og dýpka fyrir þá sem meira geta og lengra eru komnir.

## Athafnir nemenda

Nemendur vinna myndverk eftir eigin skynjun og upplifun. Þeir læra að meta á einfaldan hátt eigin verk og annarra. Upplýsinga er leitað í handbókum, listaverkabókum eða á netinu. Ákveðið er í samráði við kennara í hvaða efni skal unnið og nemendur nýta sér þekkingu sína á ýmsum efnum, áhöldum og aðferðum. Nemendur þjálfast í að tjá eigin skoðanir og tilfinningar og að vinna frá hugmynd til endanlegs verks. Þeir temja sér sjálfstæði á grundvelli þekkingar og færni. Nemendur nýta sér upplýsingatækni við vinnu sína.

## Textílmennt

### Kennsluaðferðir

Á yngsta stigi (4. bekkur) eru tvær kennsluaðferðir ríkjandi, hópinnlögn og sýnikennsla. Hópinnlögn er notuð til að vekja áhuga nemenda, auka þekkingu þeirra, ýta undir jákvætt viðhorf og að ná til sem flestra í einu.

Í textílmennt er lögð áhersla á að nemendur læri ákveðin vinnubrögð og beiti þeim á sjálfstæðan hátt. Með sýnikennslu útskýrir kennari verklag og vinnubrögð sem geta aukið leikni nemandans. Kennarinn nær til margra í einu og færri þurfa þá einstaklingskennslu. Við tekur svo einstaklingskennsla en hún er notuð til að koma til móts við hvern og einn. Samvinnunám er notað þegar tækifæri gefst. Þar þjálfast duglegir nemendur og læra með því að leiðbeina öðrum.

Á miðstigi eru nemendur orðnir sjálfstæðari og verkefni verða meira krefjandi. Þeir vinna í auknum mæli eftir skriflegum leiðbeiningum sem eykur sjálfstæði þeirra við vinnuna. Áfram er sömu kennsluaðferðum beitt.

Á unglíngastigi eru fyrrnefndar aðferðir notaðar en nemendur vinna meira að skapandi verkefnum og verkefnum sem þeir velja og hanna jafnvel sjálfir. Nemendur beita meira gagnrýnni hugsun með því að tjá sig um eigin verk og annarra.

### Kennsluskipulag

Í öllum árgöngum eru nokkur skylduverkefni til að tryggja að nemendur læri þær aðferðir sem aðalnámskrá segir til um. Eftir það vinna nemendur að frjálsum og skapandi verkefnum, þó innan ákveðinna marka.

Í textílmenntastofu eiga allir nemendur að hafa aðgang að því sem til þarf við námið. Með tölvu í stofunni geta nemendur nálgast efni á netinu og ætti það að auka áhuga á greininni. Þar geta nemendur einnig aflað sér heimilda t.d. í samvinnu við íslenskukennara. Saumavélar eru nauðsynlegar fyrir alla aldurshópa og miðast kennsluskipulagið við að hver nemandi hafi aðgang að slíku tæki. Við aðra vinnu sitja nemendur saman og geta hjálpast að á meðan þeir vinna.

### Námsgögn

Helstu námsgögn auk saumavéla eru prjónar, nálar, handbækur, skriflegar leiðbeiningar, blöð og tímarit, kennsluforrit og netið. Að nota blöð og tímarit eykur þekkingu, áhuga og víðsýni nemenda. Handbækur og skriflegar leiðbeiningar hjálpa nemendum að vinna sjálfstætt og eykur skilning á efninu.

## **Námsaðlögun**

Nemendur með sérþarfir fá einstaklingskennslu. Í ákveðnum tilvikum fá þeir sérstaka aðstoð stuðningsfulltrúa inni í stofunni. Gerðar eru sömu kröfur til allra, en komið til móts við hvern og einn t.d. með því að einfalda skylduverkefni. Sérlega áhugasamir nemendur sem eru fljótir að vinna fá tækifæri til að sinna eigin hugðarefnum innan ákveðinna marka og læra næstu stig í viðfangsefninu. Hafa ber í huga að ákveðið frjálsræði er innan hvers viðfangsefnis og ákveður hver nemandi í samráði við kennara verkefni miðað við getu, áhuga og færni.

## **Athafnir nemenda**

Það sem nemendur gera er samkvæmt þrepamarkmiðum aðalnámskrár. Þar kemur fram hvað hver aldurshópur á að gera. Nemendur sauma á saumavél, sauma út, þrjóna, hekla, lesa, mæla, vinna með ull, hanna, skapa eigin mynstur o.fl.

## **Tónmennt**

### **Kennsluáðferðir**

Útlistunarkennsla (hópinnlögn) er ríkjandi í öllum þáttum námsins. Hver námshópur er eina kennslustund í senn og þá verður að nota kennsluáðferðir sem skila árangri á stuttum tíma. Leikræn tjáning er notuð við túlkun á textum og líka í frjálsri hreyfingu með tónlist. Við það að leika dýr eða skrýtna persónu fer feimnin gjarnan af nemendum og þeir verða frjálsari en ella. Umræður út frá textum og hlustunarefni. Samvinnunám er notað þegar verið er að þjálfra ýmiss konar færni þar sem nemendur geta hjálpað hver öðrum, t.d. notkun samvinnuspjalda (paravinna) eða æfingar í litlum hópum bæði í samspili og við gerð tónverka.

### **Kennsluskipulag**

Í stofunni er borðum raðað í U. Með því fæst rými í miðju þar sem nemendur geta hreyft sig eða spilað saman í hópi. Með þessari uppröðun er auðvelt fyrir kennarann að ná augnsambandi við alla og meiri samkennd skapast milli nemenda þegar þeir sjá hver framan í annan, t.d. þegar verið er að syngja. Í 1. bekk er paravinna og hópastarf notað í skapandi starfi. Nemendur fá þá tækifæri til að vinna saman án afskipta kennarans og prófa sínar eigin hugmyndir. Hvert par eða hópur flytur svo fyrir bekkinn það sem hann hefur samið. Í 2. – 4. bekk er haldið áfram með eins vinnu og sama fyrirkomulag líka notað í samspilshópum. Það sparast tími með því að litlir hópar æfi hver fyrir sig. Auk þess sem það þjálfar nemendur í samvinnu og stuðlar að því að þeir verði ábyrgari í vinnu sinni.

### **Námsgögn**

Auk námsefnis frá Námsgagnastofnun eru útbúin ýmiss konar verkefni til að auka skilning og þjálfra það sem verið er að fást við hverju sinni.

Skólahljóðfærin (tréspil, trommur, þríhorn o. fl.) eru notuð bæði til undirleiks og í skapandi starfi. Til þess að nemendur nái að tileinka sér þau tákni eða hugtök sem verið er að kenna er mikilvægt að þeir geti jafnóðum æft sig í að spila eftir þeim.

Margs konar hlustunarefni af geisladiskum og snældum er notað ásamt fáeinum myndböndum. Þá er hljóðband og myndband notað til upptöku í tímum svo að nemendur geti heyrt, séð og metið árangurinn af sinni vinnu.

### **Námsaðlögun**

Mikilvægt er að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga svo allir geti notið sín. Það er reynt t.d. með því að velja hljóðfæri með tilliti til færni í fínhreyfingum. Hægt er að laga viðfangsefni í samspili að getu hvers og eins bæði með því að einfalda fyrir þá sem eiga í erfiðleikum og einnig að fá þeim sem skara fram úr flóknari viðfangsefni. Sama gildir um skrifleg verkefni.

## **Athafnir nemenda**

*Söngur:* Nemendur syngja lög úr ýmsum áttum, t.d. innlend og erlend þjóðlög. Áhersla lögð á heilbrigða raddbeitingu og skýran textaframburð. Í 1. bekk eru eingöngu sungin lög sem nemendur hafa lært eftir eyranu en þegar líður á 2. bekk er líka farið að syngja upp úr bókum. Yfirleitt syngur allur bekkurinn saman en stundum líka smærri hópar og nemendum sem vilja er gefinn kostur á að syngja einsöng.

*Hlustun:* Nemendur hlusta á umhverfishljóð og dæmi um tónlist af margvíslegum toga. Þeir greina ýmsa þætti um leið og þeir hlusta, t.d. hraða, styrk, blæ og á hvaða hljóðfæri er spilað.

*Hreyfing:* Nemendur fara í hreyfileiki og söngleiki, líkja eftir dýrum og mismunandi persónum. Þeir ganga í takt við tónlist og leika mismunandi nótnagildi, hreyfa sig frjálst eftir tónlist og túlka t.d. hraða, styrk eða blæ með hreyfingu.

*Hljóðfæraleikur:* Nemendur spila á skólahljóðfærin t.d. undirspil við sönglög. Í 1. bekk er unnið með púls laga og hryn. Í 2. – 4. bekk er unnið áfram með púls og hryn en líka farið í flóknari hluti eins og þrástef (síendurtekið stef). Einnig spila nemendur einfaldar laglínur á tréspil og klukkuspil. Auk framantalinna atriða nota nemendur hljóðfærin í eigin tónsmíðum.

*Sköpun:* Nemendur semja lítil hljóð- eða tónverk í paravinnu eða í litlum hópum, oftast út frá sögu, mynd eða ljóði. Þeir velja hljóðfæri sem þeim finnst passa hverju sinni. Í tónverkinu beita þeir þáttum sem þeir hafa lært eins og mismunandi styrk, hraða, blæ eða formi. Tónverkið er svo flutt fyrir bekkinn.

*Nótnalestur og nótnaskrift:* Nemendur finna hryn orða og setninga og skrifa hryndæmi. Þeir spila hryn sem er t.d. skrifaður á töflu. Nemendur skrifa nótur á nótnastreng og spila einfaldar laglínur eftir nótum (byrja með tvo tóna). Ennfremur gera nemendur tilraunir með að skrá hljóð og tóna með eigin táknum (myndræn nótnaskrift).

## **Lífsleikni**

### **Kennsluaðferðir**

Helstu kennsluaðferðir á öllum stigum felast í umræðum, leikrænni tjáningu og útfærslu á einstökum hugtökum sem tilheyra greininni lífsleikni, auk tímabundinnar þemavinnu. Þessar aðferðir efla sjálfstæð vinnubrögð, auka skilning nemenda og tengsl við umhverfið og aðra einstaklinga. Á miðstigi og unglingsstigi er auk þess notuð útlistunarkennsla. Allir árgangar eiga að hafa reglulega bekkjarfundir sem er um leið ein af forvörnum skólans gegn einelti.

### **Kennsluskipulag**

Á yngri stigum er lífsleikni samofin öðrum námsgreinum og skólastarfinu í heild.

Skipulag kennslunnar felst fyrst og fremst í hópavinnu, en auk þess er farið í vettvangsferðir og gestafyrirlesarar heimsækja skólann. Áhersla er lögð á að efla áhuga nemenda með mismunandi miðlum s.s. í gegnum fræðirit, tölvur og myndbönd.

Margbreytilegt kennsluskipulag býður upp á fjölbreytni í skólastarfi og þannig er þörfum einstaklingsins betur mætt. Á unglingsstigi er unnið með þyngri og viðameiri hugtök og verkefni en á miðstigi.

### **Námsgögn**

Námsefni á vef, kennsluforrit, myndbönd, bæklingar (t.d. frá Heilsugæslustöðvum og fjármálastofnunum) bækur auk lífsleiknínámsefnis.

### **Námsaðlögun**

Á öllum stigum er reynt að mæta hverjum nemanda í samræmi við getu hans og þroska.

## **Athafnir nemenda**

Nemendur afla upplýsinga, hlusta, ræða, lesa, og skrá niðurstöður. Auk þess tjá þeir sig skriflega, munnlega eða á leikrænan hátt. Verkefni vinna s.s. að vinna með hugtök sem

tengjast tilfinningum o.fl. sem eykur sjálfstæði nemenda. Einnig taka nemendur þátt í þemavinnu, vettvangsferðum, horfa á myndbönd og vinna í tölvum.

## **Náttúrufræði**

### **Kennsluaðferðir**

Helstu kennsluaðferðir á yngsta stigi eru umræður, gagnvirkur lestur, hugtakakort, hlutbundin vinna, einfaldar tilraunir og þemanám. Þegar nemendur hafa náð valdi á lestri bætist leitarnám við. Þessar aðferðir efla sjálfstæð vinnubrögð, auka skilning og tengsl við umhverfið.

Á miðstigi eru notaðar sömu kennsluaðferðir auk þess sem lögð er meiri áhersla á útlistunarkennslu. Einnig er notaður gagnvirkur lestur, SSLSR, hugtakakort og umræðu- og spurnaraðferðir. Með þessum aðferðum þjálfast nemendur í að afla upplýsinga, vinna úr þeim og draga af þeim ályktanir.

Á unglingsstigi er aukin áhersla á útlistunarkennslu, umræður, sýnikennslu og tilraunir.

### **Kennsluskipulag**

Á yngri stigum er mikið um hópavinnu (t.d. samvinnunám og stöðvar), farið í vettvangsferðir og tilraunir gerðar. Með nýju námsefni er aukin áhersla á upplýsingatækni (fræðirit, tölvunotkun og myndbönd) á öllum stigum.

Mismunandi kennsluskipulag býður upp á fjölbreytni í skólastarfinu og þannig er þörfum einstaklingsins betur mætt. Á unglingsstigi er unnið með þyngri og viðameiri texta en á miðstiginu. Nemendur lesa heima og vinna verkefni tengd textanum í skólanum, einir, í pörum eða hópum.

### **Námsgögn**

Námsefni á vef, kennsluforrit, myndbönd og ýmis áhöld fyrir tilraunavinnu.

### **Námsaðlögun**

Á öllum stigum er reynt að mæta hverjum nemanda í samræmi við getu hans og þroska. Í nokkrum tilvikum eru gerðar einstaklingsnámskrár.

### **Athafnir nemenda**

Nemendur hlusta, ræða, lesa og skrá, gera tilraunir og skrá niðurstöður. Einnig taka þeir þátt í vettvangsferðum, horfa á myndbönd og vinna í tölvum.

## **Samfélagsgreinar**

### **Kennsluaðferðir**

Á yngsta stigi eru helstu kennsluaðferðir þemavinna, söguaðferð og samvinnunám.

Á miðstigi er haldið áfram með sömu kennsluaðferðir auk þess sem farið er að leggja meiri áherslu á leitarnám og útlistunarkennslu.

Á unglingsstigi er helsta kennsluaðferðin útlistunarkennsla. Auk þess eru notaðar sömu kennsluaðferðir og á yngri stigum, þá sérstaklega samvinnunám og leitarnám. Á miðstigi og unglingsstigi vinna nemendur einnig að heimildaritgerðum.

Þemavinna og söguaðferð henta mjög vel fyrir nemendur vegna þess hve skapandi og myndrænar þær eru og gefa tækifæri til fjölbreyttrar vinnu og samþættingar við fleiri námsgreinar. Samvinnunám kennir nemendum að vinna saman, taka tillit til annarra og að bera sameiginlega ábyrgð á vinnu sinni. Leitarnám eflir sjálfstæð vinnubrögð nemenda og ýtir undir frekari áhuga nemenda á námsefninu. Samvinnunám og leitarnám bjóða upp á fjölbreytni í vinnubrögðum, nemendur geta til dæmis sett niðurstöður sínar fram á skriflegan, munnlegan, myndrænan eða leikrænan hátt. Útlistunarkennsla hentar vel við vinnubókavinnu, hvort sem nemendur vinna einir eða með öðrum.

## **Kennsluskipulag**

Í yngri bekkjum er oft svæðavinna með misþungum verkefnum. Það gefur kennaranum tækifæri til að sinna einum hópi nemenda betur á meðan aðrir hópar vinna sjálfstætt.

Að auki vinna nemendur einstaklingslega, í þörum og hópavinnu. Í einstaka viðfangsefnum er einum árgangi blandað í hópa.

Farið er í vettvangsferðir til að nemendur fái betri yfirsýn og skilning á námsefninu og umhverfi sínu og geti tengt þetta tvennt saman. Þetta á einkum við á mið- og unglingastigi.

Á unglingastigi vinna nemendur bæði einstaklingslega og í hópum.

Á öllum stigum kynna nemendur eigin verkefni.

## **Námsgögn**

Á öllum stigum er notast við landabréfabækur og landakort svo að nemendur geri sér betur grein fyrir legu landa og landslagi á jörðinni. Auk þess er notað ýmiss konar ítarefni úr bókum, blöðum og af netinu. Myndbönd eru notuð á öllum stigum til að vekja áhuga nemenda enn frekar og víkka skilning þeirra á námsefninu. Kennsluforrit eru notuð til frekari þjálfunar þegar þess er kostur. Þeir nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur geta fengið hljóðbækur.

## **Námsaðlögun**

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti s.s. þemavinnu, söguaðferð og samvinnunám sem auðveldar kennaranum að mæta þörfum allra nemenda. Nemendur geta fengið mismunandi verkefni eða hlutverk og þá við hæfi hvers og eins. Þessar kennsluaðferðir gefa möguleika á að nemendur með mismunandi getu vinni saman.

## **Athafnir nemenda**

Nemendur lesa í ýmsum bókum auk námsbóka, hlusta á aðra lesa upphátt og segja frá, horfa á myndbönd og vinna út frá upplifun á vettvangi. Nemendur tjá sig með eigin orðum, bæði skriflega og munnlega eða á leikrænan hátt. Verklegr vinna s.s. vinna með texta á spjöld o.fl. eykur sjálfstæði nemenda.

## **Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

### **Kennsluaðferðir**

Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Almenn siðfræði fléttast inn í námið jöfnum höndum. Til að styrkja þessa þætti hjá nemendum er jöfnum höndum lögð áhersla á einstaklingsnám, munnlega og leikræna tjáningu og samvinnunám. Þemanám er einnig notað við þessa vinnu. Nemendum eru kynntir grunnþættir annarra trúarbragða.

Á yngsta stigi er mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um kristilegt siðgæði, þjálfra ályktunarhæfni þeirra, virkja þá í einstaklings- og hópavinnu og efla sjálfstæð vinnubrögð og tjáningu.

Á miðstigi eru notaðar eftirtaldar kennsluaðferðir í kristinfræði og trúarbragðafræði: Verklegar æfingar, samvinnunám, söguaðferð, umræðu- og spurnaraðferðir og þrautalausnir. Þessar aðferðir fræða og virkja nemendur, þjálfra þá í að afla upplýsinga og vinna úr þeim og draga af þeim ályktanir. Þær efla sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og verkaskiptingu og þjálfra upplýsingaöflun, úrvinnslu og miðlun.

Á unglingastigi er lögð áhersla á fjölbreytileika trúarbragða, ýmis hugtök og fyrirbæri trúarbragða, einkenni og útbreiðslu helstu trúarbragða heims. Til þess eru notaðar aðferðir sem fræða og virkja nemendur, þjálfra þá í að afla upplýsinga og vinna úr þeim og draga af

þeim ályktanir. Þær efla sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og verkaskiptingu og þjálfa upplýsingaöflun, úrvinnslu og miðlun.

### **Kennsluskipulag**

Kennarar hafa aðferðafrelsi og raða þess vegna upp í kennslustofum eftir því sem þeim finnst hæfa hverju sinni. Farið er í heimsókn í kirkju og rætt við presta og djákna. Nemendur vinna saman, meta aðstæður sem geta komið upp, ræða álitamál og reyna að setja sig inn í vissar aðstæður.

### **Námsgögn**

Á yngsta stigi er notkun mynda og myndbanda áhrifarík þar sem margir nemendur hafa enn ekki náð tökum á lestri og á þann hátt skynja þeir betur atburðarás og sögustaði Biblíunnar.

Á miðstigi eru notuð myndbönd en auk þess afla nemendur sér upplýsinga og ætlast er til að þeir kunni skil á nokkrum helstu Biblíutextum og geti dregið lærdóm af þeim. Í 5. bekk fá nemendur Nýja testamentið gefins frá Gideon félaginu og læra að fletta upp í því.

### **Námsaðlögun**

Söguaðferð og samvinnunám auðvelda kennaranum að mæta þörfum allra. Nemendur geta fengið mismunandi verkefni eða hlutverk og þá við hæfi hvers og eins. Þessar kennsluáðferðir gefa möguleika á að nemendur með mismunandi getu vinni saman. Þeir nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur eiga kost á að fá hljóðbækur.

### **Athafnir nemenda**

Nemendur lesa í ýmsum bókum, hlusta á aðra lesa upphátt og segja frá. Nemendur tjá sig skriflega, munnlega og/eða á leikrænan hátt. Verklegr vinna s.s. vinna með texta á spjöld auk myndrænnar úrvinnslu o.fl. eykur sjálfstæði nemenda.

## **Upplýsinga- og tæknimennt**

### **Hönnun og smíði**

#### **Kennsluáðferðir**

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að nemendur læri ákveðin vinnubrögð og þekki helstu verkfæri og notagildi þeirra og geti beitt þeim á réttan hátt. Kennsluáðferðir eru sýnikennsla og innlagnir.

Á mið- og unglingsstigi er leitast við að nemendur vinni meira sjálfstætt, geri uppdrátt af hlutum og málsetji þá. Nemendur eru hvattir til að leita hugmynda að verkefnum við hæfi í samráði við kennara, t.d. í bókum, blöðum og af netinu.

#### **Kennsluskipulag**

Í öllum árgöngum er reynt að tryggja að nemendur læri þær aðferðir sem aðalnámskrá segir til um. Nemendur vinna að frjálsum skapandi verkefnum.

Í smíðastofu eiga nemendur að hafa aðgang að þeim tækjum og efnum sem til þarf við námið. Einstaklingsaðstoð fá þeir eftir því sem aðstæður leyfa.

#### **Námsgögn**

Notuð eru öll algengustu handverkfæri til smíða svo og helstu rafmagnsverkfæri, svo sem borvélar, tifsagir og pússivélar. Handbækur, skriflegar leiðbeiningar, blöð og tímarit.

Fyrirnefnd gögn hjálpa nemendum að vinna sjálfstætt og auka skilning á efninu.

#### **Námsaðlögun**

Nemendur með sérþarfir fá einstaklingskennslu. Í ákveðnum tilvikum fá þeir sérstaka aðstoð stuðningsfulltrúa inni í stofunni.

Áhugasamir nemendur sem eru fljótir að vinna fá tækifæri til að sinna eigin hugðarefnum innan ákveðinna marka. Hafa ber í huga að ákveðið frjálstræði er innan hvers viðfangsefnis og ákveður hver nemandi í samráði við kennara verkefni miðað við getu, áhuga og færni.



## Athafnir nemenda

Það sem nemendur gera er samkvæmt þrepamarkmiðum aðalnámskrár. Þar kemur fram hvað hver aldurshópur á að gera svo sem að hanna hluti, saga, negla og pússa.

## Upplýsinga- og tæknimennt (tæknilæsi, tölvunotkun)

### Kennsluaðferðir

Helstu kennsluaðferðir eru, útlistunarkennsla, þulunám og þjálfunaræfingar, umræðu- og spurnaraðfrerðir, innlifunaraðferðir og tjáning, þrautalausnir, leitaraðferðir, hópavinnubrögð og sjálfstæð skapandi viðfangsefni.

### Kennsluskipulag

Í 4. – 8. bekk er nemendum skipt í hópa sem rúmast vel í tölvustofunni. Verkefnaval er fjölbreytt þar sem reynt er að mæta þörfum hvers.

### Námsgögn

Notaðar hafa verið bækurnar „Á músarslóð 1“ og „Á músarslóð 2“ hjá nemendum í 1. – 3. bekk. Tölvukennari útbýr mest af því efni sem kennt er ásamt efni af Netinu, t.d. [www.nams.is](http://www.nams.is). Forrit ýmiskonar eru notuð, t.d. Timez Attack margföldunarleikur, Glói geimvera, Google Earth, teikniforrit auk ritvinnsluforrita, umbrotsforrita og myndvinnsluforrita.

### Námsaðlögun

Á öllum stigum er haft í huga að nemendur eru ekki allir steypfir í sama mót og því reynt að sníða kennsluna og verkefnið að hverjum og einum. Verkefni eru því afar fjölbreytt sem þýðir að nemendur geta verið að vinna að ýmsum verkefnum bæði léttari og erfiðari.

## Athafnir nemenda

Á öllum stigum vinna nemendur með fingrasetningu, æfa sig í almennri tölvunotkun og umgengni við tölvur og tæknibúnað. Læra að leita að upplýsingum og meta þær og skrá.

## Útiskóli/nám á vettvangi

Með útiskóla er verið að vekja nemendur til umhugsunar um þá möguleika sem finnast í þeirra nánasta umhverfi. Möguleika til útivistar og leikja auk þess að læra af umhverfinu og á það, með því að vera í því.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að hve yfirgripsmikil námsgreinin lífsleikni er og hvernig hún fléttast inn í flestar aðrar námsgreinar. Þar segir m.a.: *Viðfangsefnið „undir heitinu samfélag, umhverfi, náttúra og menning, bjóða upp á meiri sveigjanleika í útfærslum skóla. Hér gefst skólum kostur á að taka inn efni sem snýr meira að sérstöðu, áherslum í skólustarfi, hugmyndafræði, staðháttum og dægurmálum sem upp koma hverju sinni og leita á nemendur og kennara. Hér er um viðfangsefni að ræða sem oft á tíðum er sótt í nánasta umhverfi nemandans og hann þarf að glíma við í daglegu lífi”* (aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni bls. 8).

Þegar kennarar fara út með nemendur eru þeir í raun alltaf að vinna að settu marki útiskólans. Þar má t.d. nefna náttúruskoðun, náttúrufræðidaga að vori, vettvangsferðir hvers konar, göngu- og útivistardag, umhverfisdag, þemadaga, smiðjudaga og lífsleiknikennslu sem fer fram utan skólustofunnar. Kennarar eru hvattir til að vinna með útiskólaverkefni/nám á vettvangi a.m.k. tvisvar sinnum í mánuði.

### Tilgangur útiskólans:

Tilgangur útiskólans er m.a. að gera nemendur læsa á umhverfi sitt. Að nemendur geri sér grein fyrir að þeir geta haft áhrif á umhverfið, lært í því og af því. Að stuðla að meiri útiveru og hreyfingu meðal nemenda og kennara ásamt því að nemendur læri um umhverfið.

### Útiskólastofa í Naustaborgum:

Á skólaárinu 2008-2009 var Lundarskóla úthlutað svæði í Naustaborgum fyrir útiskólastofu. Hafist var handa við lagfæringar í júní 2009 með sérstökum útidögum þar sem nemendur í 1. – 4. bekk heimsóttu svæðið og 5. – 9. bekkingar unnu á svæðinu. Nemendur koma vikulega í námshópum eða heilum árgöngum til náms og leiks. Eru kennara hvattir til að nýta útiskólastofuna sem mest.

Haustið 2005 voru í fyrsta sinn sameiginlegir útidagar allra aldurstiga skólans að hausti. Sama var gert í september 2006 og 2007 en þá voru sameiginlegir dagar þrír. 2008 voru sameiginlegir dagar tveir og áhersla lögð á fjölgreindir eftir kenningum Howards Gardners með því að setja upp „fjölgreindaleika.“ Nemendur í öllum aldurshópum fóru á milli stöðva í tvo daga. Sama fyrirkomulag var á vettvangsdögum í september 2010 og 2011.

### **Sambætting námsgreina**

Markmiðið með sambættingu námsgreina er að gera námið heildstæðara og auka sveigjanleika þess. Með sambættingunni geta nemendur fundið fleiri leiðir að sama viðfangsefni til að gera námið áhugaverðara. Sambætting námsgreina kemur fyrir í öllum aldurshópum. Með teymiskennslu aukast möguleikar kennara á að sambætta fleiri námsgreinar. Í list- og verkgreinakennslu skólans er 4-5 sinnum yfir skólaárið „opin vika“. Þá er unnið í þemum sem tengist mismunandi námsgreinum. Þar geta nemendur valið sér verkefni eftir áhuga.

### **Valgreinar**

Sjá nánar í bekkjarnámskrám 8. – 10. bekkjar á heimasíðu Lundarskóla.

### **Nám að loknum grunnskóla**

Nemendur 10. bekkjar geta sótt um nám í framhaldsskóla eftir að námi í grunnskóla er lokið og hafa framhaldsskólarnir ákveðin inntökuskilyrði sem hægt er að nálgast á heimasíðum þeirra. Inntaka í framhaldsskólanna byggir á skólaeinkunn nemenda. Ef nemandi hefur ákveðið hvaða nám hann ætlar í eftir grunnskóla þarf hann að athuga hvort einhver skilyrði séu sett á þá braut. Námsráðgjafar framhaldsskólanna eru ávallt tilbúnir til að aðstoða væntanlega nemendur og aðstandendur við val á námsleið og innritun í skóla.

### **Stoðkerfi skólans**

#### **Nemendaverndarráð**

Samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð nr. 584/2010 starfar nemendaverndarráð í Lundarskóla (sjá kafla 5.14).

#### **Námsráðgjafi**

Við skólann starfar námsráðgjafi í hlutastarfi (sjá nánar í kafla 6.7).

#### **Iðjupjálfi**

Við skólann starfar iðjupjálfi í fullu starfi og kemur hann fyrst og fremst að námsaðlögun nemenda með ADHD og hegðunarvanda. Skólaárið 2011 – 2012 er iðjupjálfi í barnseignarleyfi.

## **Sérkennsla**

Framvinda náms er háð þroskastigi einstaklingsins. Meginmarkmið með sérkennslu/grunnskólagöngu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi.

Sérkennsla eða námsaðlögun felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluaðferðum. Hún er skipulögð til lengri eða skemmri tíma í samræmi við metnar sérþarfir skv. reglugerð nr. 585/2010. Sérkennarar og umsjónarkennarar hafa samráð um mat á stöðu nemenda og viðbrögð við niðurstöðum mats. Einstaklingsnámskrár eru sniðnar að þörfum nemenda sem að hluta eða öllu leyti fylgja ekki námsmarkmiðum árgangs.

Sérkennsla einstakra nemenda eða hópa fer fram innan árgangs með námsaðlögun. Við mönnun hvers árgangs er tekið tillit til sérþarfa í nemendahópnum og kennslumagn aukið eins og kostur er. Stefna Lundarskóla er að hafa menntaða sérkennara í sem flestum árgangateymum.

Sérkennarar skólans annast ýmsar skimanir og greiningar ásamt starfsmönnum skólateymis fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og veita kennurum og foreldrum faglega ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Helstu próf- og greiningartæki skólans er að finna í skimunaráætlun skólans.

## **Stoðþjónusta utan skólans**

Samstarf er við skólateymi fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Auk þessarar skipulögðu þjónustu á skólinn samskipti og samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Háskólabókasafnið á Akureyri, Ráðgjafarstofu Reynis (sálfræðiþjónusta), Barna- og unglिंगageðdeild FSA, Heilsugæslu Akureyrar, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Göngudeild Hlíðarskóla og fleiri.

## **Til athugunar**

Skólinn áskilur sér þann rétt að forgangsraða verkefnum í sérkennslu og námsaðlögun ef aðstæður, mannaflí og fjárframlög sveitarfélagsins leyfa ekki að hægt sé að sinna öllum börnum með sérþarfir í samræmi við greiningar og áætlanir.